

Samhentir Kassagerð hf.
Suðurhrauni 4a
210 Garðabær

Selfossi, 11. september 2025
UOS2502321/K.S.G.

Niðurstaða eftirlits - Söluskrár 2024 fyrir notendaleyfisskyldar vörur og tilnefning ábyrgðaraðila - Málslok

Umhverfis- og orkustofnun vísar til bréfs stofnunarinnar dags. 20. ágúst 2025 um niðurstöðu eftirlits þar sem eru gerðar kröfur um úrbætur vegna söluskrár notendaleyfisskyldra vara hjá fyrirtækinu.

Fyrirtækið hefur orðið við kröfum Umhverfis- og orkustofnunar um úrbætur með því að skila inn verklagsreglum fyrirtækisins vegna sölu á notendaleyfisskyldum vörum, sem stofnunin hefur nú samþykkt. Stofnunin gerir því ekki frekari athugasemdir vegna málsins og telst því lokið.

Gjald fyrir vinnu sérfræðings vegna eftirfylgni eftirlits er innheimt í samræmi við gildandi gjaldskrá Umhverfis- og orkustofnunar. Gefinn verður út reikningur fyrir gjaldinu að fjárhæð kr. 20.800.

Upplýsingar um plöntuverndarvörur má finna [hér](#).

Upplýsingar um notendaleyfishafa má finna [hér](#).

Upplýsingar um söluaðila notendaleyfisskyldra vara sem tilnefnt hafa ábyrgðaraðila í markaðssetningu notendaleyfisskyldra vara má finna [hér](#).

Fyrirtækinu er velkomið að leita til sérfræðings stofnunarinnar, Kristínar Silju Guðlaugsdóttur, í síma 569-6000 eða gegnum netfangið kristin.s.gudlaugsdottir@uos.is til að fá nánari upplýsingar.

Virðingarfyllst,

Kristín Silja Guðlaugsdóttir

Teymi efnamála

Hafdís Inga Ingvarsdóttir

Teymi efnamála